

Nd. **22. Frumvarp til laga** [22. mál]
um Framkvæmdasjóð öryrkja.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir.

I. KAFLI
Skipulag og stjórn.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Framkvæmdasjóður öryrkja, og er hann í vörslu félagsmálaráðuneytisins.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að greiða fyrir fjármögnun þeirra framkvæmda, sem gert er ráð fyrir í lögum, reglugerðum og áætlunum um sérkennslu og endurhæfingu (sbr. þó ákvæði 11.—13. og 14. gr.).

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Tappagjald af áfengi, sem hækkar útsöluverð þess sem hér segir:
200 kr. á hverja heilflösku af sterku víni.
100 kr. á hverja hálfflösku af sterku víni.
100 kr. á hverja heilflösku af léttu víni.
50 kr. á hverja hálfflösku af léttu víni.
- b) Gjald, sem hækkar útsöluverð tóbaks sem hér segir:
20 kr. á hvern vindlingapakka.
2 kr. á hvern vindil.
20 kr. reyktóbak (pr. 50 gr. pakkningu).
Tekjustofnar þessir hækki hlutfallslega til samræmis við verðhækkanir á áfengi og tóbaki á hverjum tíma.
Ríkissjóði ber að gera skil á þessum tekjustofnum ársfjórðungslega.
- c) Leggja skal 20 kr. styrktargjald ofan á verð allra seldra aðgöngumiða í landinu.
Gjald þetta greiðist samhliða skemmtanaskatti, sbr. 9. gr. laga nr. 58/1970.
Styrktargjald þetta skal hækka árlega samhliða byggingarvisitölu.

- d) Fé, sem veitt er á annan hátt úr ríkissjóði.
- e) Frjáls framlög og aðrar tekjur, er til kunna að falla.
- f) Vaxtatekjur.

4. gr.

Félagsmálaráðherra skipar 5 manna sjóðsstjórn og jafnmarga til vara til tveggja ára í senn, þar af fjóra eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, einn frá hverjum:

Öryrkjabandalagi Íslands, Landssamtökum Þroskahjálpar, menntamálaráðherra og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ráðherra skipar einn mann án tilnefningar og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar.

Kostnaður við starfrækslu sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Hlutverk sjóðsstjórnar er:

- a) að hlutast til um, að ávallt séu fyrir hendi áætlanir um sérkennslu og endurhæfingu, sem sjóðurinn gæti unnið eftir, sbr. 52. gr. laga nr. 63/1974 og 3. og 4. gr. laga nr. 27/1970;
- b) að taka ákvörðun um fjármögnun þeirra verkefna, sem þessar áætlanir taka til, að fengnum tillögum viðkomandi ráðuneytis, sbr. 10. og 12. gr.;
- c) að hafa eftirlit með þeim verkefnum, er sjóðurinn veitir fjárframlög til, þannig að fjármagnið verðtryggist sem fyrst í þeim verkefnum, sem það er ætlað til.

6. gr.

Formaður sjóðsstjórnar annast daglegan rekstur sjóðsins á skrifstofu félagsmálaráðuneytisins eða annars staðar, telji ráðuneytið það æskilegt.

7. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal skipt til helminga í tvo sjóðshluta, sérkennslusjóð og endurhæfingarsjóð.

Ef sjóðsstjórn er hins vegar sammála um, að nauðsynlegt sé að víkja frá þessu ákvæði, þá er það heimilt, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra og menntamálaráðherra.

8. gr.

Ráðstöfunarfénu skal veitt ársfjórðungslega til verkefna, nema annað sé talið æskilegt að mati sjóðsstjórnar.

9. gr.

Fjármögnun verkefna skal fyrst og fremst ráðast af þeim brýnustu þörfum, sem leysa þarf hverju sinni.

Sérstakt tillit skal taka til þess fjölda einstaklinga, sem úrlausnar þurfa við á hverju sviði, og í hverju byggðarlagi, sbr. 10. og 12. gr. þessara laga.

Sjóðsstjórn skal hlutast til um, að við úthlutun fjármagns sé ekki ráðist í of mörg verkefni samtímis.

II. KAFLI

Sérkennslusjóður.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið lætur sjóðsstjórn í té áætlun þá, er um getur í 5. gr. a, og tillögur um fjármögnun hennar.

Menntamálaráðuneytið lætur enn fremur fara fram reglulega endurskoðun hennar með tilliti til þess, sem gert hefur verið.

Menntamálaráðuneytið veitir sjóðsstjórn allar upplýsingar um sérkennslu, og þar á meðal reglulega könnun á sérkennsluþörf hvers byggðarlags sem og í landinu öllu.

11. gr.

Fjármagni sérkennslusjóðs skal jöfnum höndum varið til að standa straum af stofnkostnaði greiningarstöðva, sérskóla, sérdeilda, forskóladeilda sérskóla, dagvistunarstofnana (sérdeildir og almennar), starfsfræðslu- og starfsþjálfunardeilda að grunnskólanámi loknu, fjölskylduheimila eða heimavista í tengslum við sérstofnanir. Heimilt skal þó að nýta allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra sérkennsluverkefna, sem ríki eða sveitarfélög greiða ekki, sbr. þó ákvæði 14. gr.

III. KAFLI

Endurhæfingarsjóður.

12. gr.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur sjóðsstjórn í té áætlun þá, er um getur í 5. gr. a, og tillögur um fjármögnun hennar.

Félagsmálaráðuneytið lætur enn fremur fara fram reglulega endurskoðun hennar með tilliti til þess, sem gert hefur verið.

Félagsmálaráðuneytið í samráði við endurhæfingarráð lætur gera reglulega könnun á þörfinni fyrir endurhæfingar- og vinnustöðvar, með tilliti til hvers byggðarlags sem og í landinu öllu. Könnunin skal einnig ná til dvalarheimila.

13. gr.

Fjármagni endurhæfingarsjóðs skal jöfnum höndum varið til að standa straum af stofnkostnaði endurhæfingarstöðva, vinnustöðva og dvalarheimila sem ekki er eða fyrirsjáanlegt er að verði veitt til úr þeim lána- og styrktarsjóðum, er um getur í endurhæfingarlögum, nr. 27/1970, eða á annan hátt. Lána- og styrktarsjóðum þeim, sem um getur í endurhæfingarlögum, er skylt að veita sjóðsstjórn reglulega yfirlit yfir það fé, sem er til ráðstöfunar og fyrirhugað er til þessara framkvæmda. Heimilt skal þó að nýta allt að 10% af ráðstöfunarfé sjóðsins til annarra sameiginlegra endurhæfingarverkefna, sem ríki eða sveitarfélagi ber sannanlega ekki að greiða, sbr. þó ákvæði 14. gr.

IV. KAFLI

Önnur ákvæði.

14. gr.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita fjármagni til annarra sérkennslu- og endurhæfingarverkefna umfram heimildarákvæði 11. og 13. gr., sé sjóðsstjórn sammála um, að slík verkefni séu þýðingarmeiri, og ef fjármagn sjóðsins nægir að öðru leyti til að standa undir hlutverki hans, sbr. 2. gr.

15. gr.

Ríkisendurskoðun skal sjá um endurskoðun á reikningum sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Meginmarkmið þessa frumvarps er að tryggja ákveðinn tekjustofn til að greiða fyrir framkvæmdum í samræmi við áætlunargerðir þær, sem ráð er fyrir gert í

52. gr. grunnskólalaga, sbr. reglugerð nr. 270/1977, um sérkennslu, og 3. og 4. gr. endurhæfingarlaga nr. 27/1970.

Fyrirsjáanlegt er, að gerð og framkvæmd þessara áætlana standast engan veginn þau tímamörk, sem lagaákvæði þessi tilgreina. Ljóst er, að fjárskortur til framkvæmda og vöntun á sérmenntuðu starfsfólki ræður þar mestu um.

Rétt er að skýra nánar frá stöðu þessara mála og fjármagnssvigrúmi, þessu til staðfestingar:

Sérkennsla:

Á grundvelli grunnskólalaga nr. 63/1974 er í reglugerð nr. 270/1977 lagður grundvöllur að markvissri uppbyggingu sérkennslu í landinu bæði innan hins almenna grunnskóla og utan hans.

Þar er gert ráð fyrir, að megnið af sérkennslu fari fram í almennum grunnskóla, í sérdeildum, hjálparbökkjum, stuðningskennslu eða athvörfum. Þó er gert ráð fyrir, að veruleg sérkennsla þurfi að fara fram í sérskólum og sérstofnunum af ýmsu tagi.

Í skýrslu menntamálaráðherra til Alþingis í apríl 1978 um framkvæmd grunnskólalaga kemur fram, að í fræðsluumdæmunum séu 732 nemendur, að mati skólamanna, sem þurfa aðstoð innan almenna grunnskólans, en fá ekki. Þar af eru 378 með sérstaka námsörðugleika, 172 málhamlaðir, 62 með hegðunarvandamál, 91 treggreindir og 29 eiga við önnur vandamál að stríða.

Í skýrslu þessari kemur einnig fram, að af 843 einstaklingum, sem þurfa sérkennslu utan við hinn almenna grunnskóla, eru aðeins 537, sem fá einhverja kennslu. Engar tölur liggja fyrir um stærð þess hóps, sem þyrfti þjálfun eða sérkennslu fyrir eða eftir grunnskólanám. Er þannig vitað um 1038 börn, sem rétt eiga á að fá kennslu bæði innan hins almenna grunnskóla og í sérskólum, en fá ekki, bæði vegna húsnæðisskorts og skorts á sérmenntuðu starfsliði.

Í 52. gr. grunnskólalaga, nr. 63/1974, er gert ráð fyrir, að heildaráætlun, sem gerð yrði um byggingu sérstofnana, verði að fullu komin til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laganna, þ. e. a. s. á árinu 1984. Í fyrrnefndri skýrslu eru birtar yfirlitstölur yfir þessa heildaráætlun og þykir rétt að birta nokkrar þeirra hér til að gefa einhverja hugmynd um ástand sérkennslumála í dag.

Í töflu I er sýndur mismunur sérkennsluþarfar og núverandi sérkennslu með tilliti til húsnæðis o. fl.

Tafla I.

	Kennarar	Annað starfsfólk	Sérfræðingar	Húsnæði og bún.
Þörf	190,63	74,5	21,93	15,400 m ²
Nú	103,84	50,9	3,84	5,250 m ²
Mismunur	86,79	23,6	18,09	10,150 m ²
Mismunur án brota	87	24	18	10,150 m ²
Mismunur kr.	199 311 084	47 530 368	49 174 560	1 620 000 000

Af töflunni má sjá, að auk 87 sérkennara vantar 12 fóstrur og 12 þroskaþjálfara, sem flokkast undir liðinn „annað starfsfólk“, og 3 sálfræðinga, 7 félagsráðgjafa, 6 sjúkrapjálfa og 2 lækna, sem flokkast undir liðinn „sérfræðingar“. Launaliður þessara hópa hefur ekki verið umreiknaður í samræmi við launa-

kostnað í dag. Liðurinn húsnæði og búnaður er reiknaður út samkvæmt byggingarvísitölu í janúar 1978 og normum um skólabyggingar. En samkvæmt verðlagi í október er þessi liður kominn í 2209 milljónir og er kostnaðarhækkunin því orðin rúmar 589 milljónir kr. á 10 mánuðum, en sáralítið hefur verið framkvæmt síðan áætlun þessi var birt.

Tafla II.

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga.
Áætlun fyrir árin 1978—79 og 80.

Stofnanir	Kenn- arar	Annað starfs- fólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagsr. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m ²	Heima- vist m ²
1. Óskjuhlíðarskóli(og Kjarvalsh.)	21,59	10,25	40	80	20	80	10	2 500	500
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes	0,3	3,5	12	40	4	30	20	1 200	
3. Kópavogshæli	7,3								
4. Sólborg Akureyri	1,2	1,5	7	40	1				
5. Sólheimar Grímsnesi			2	4	1				
6. Sérkennslustöð Kópavogi	2,24		4		5	10			
7. Geðdeild Barnasp. Hríngsins .	2,0							250	
8. Heyrnleysingjaskóli	2,32		5		5	10			
9. Úpptökuheimili ríkisins Kóp.	2,25								
10. Bjarkarhlíð					1				
11. Blindradeild Laugarnesskóla .									
12. Deildir í Hlíðaskóla	1,52							196	
13. Deildir í Breiðagerðisaskóla og Laugarnesskóla	1,11		4		2	10			
14. Þingborg Árn. sérdeild	0,70		2		3	5			
15. Staðarfell (sérð. f. Vesturl. og Vestfirði)	5,0	6,0							
16. Óskilgr. hópur í heimahúsum	36,16							1 000	
	83,69	21,25	76	164	42	145	30	5 146 m ²	500 m ²
Starfsmenn	83,69	21,25	1,90	4,10	1,05	3,63	0,75		

Í töflu II er birtur sá hluti áætlunarinnar, sem nær yfir árin 1978—1979 og 1980. Á þessum þremur árum er áætlað að byggja samtals 5146 m² skólahúsnæði og 500 m² heimavist, en samkvæmt verðlagi í október er byggingarkostnaður þessarar áætlunar um 1230 milljónir. Til þess að áætlun þessi stæðist þurfti því að meðaltali að veita 410 milljónir á ári miðað við óbreytt verðlag, en á fjárlögum 1978 voru aðeins veittar 60 milljónir kr. til þessara byggingarframkvæmda. Á fjárlögum 1979 og 1980 þarf því að veita 585 milljónir hvort árið um sig til að eiga möguleika á að halda þessari áætlun.

Af samanburði á töflu I og II má ráða, að gert er ráð fyrir, að megnið af fyrirhuguðu starfsfólki þessara stofnana sé ráðið á þessu tímabili.

Tafla III.

Kennsla skv. 50., 51. og 52. gr. grunnskólalaga.
Áætlun fyrir árin 1981—82 og 83.

Stofnanir	Kenn- arar	Annað starfs- fólk	Sálfr. Tímar á viku	Sjúkraþj. Tímar á viku	Læknar Tímar á viku	Félagar. Tímar á viku	Hjúkr.fr. Tímar á viku	Húsnæði skóla m ²	Heima- vist m ²
1. Óskjuhlíðarskóli(ogKjarvalsh.)							765		
2. Lyngás, Bjarkarás, Skálatún og Tjaldanes			10	40		20		250	
3. Kópavogshæli							700		
4. Sólborg Akureyri						40	348		
5. Sólheimar Grímsnesi						4	108		
6. Sérkennslustöð Kópavogs						10	75		
7. Geðdeild Barnasp. Hringins	2,57								
8. Heyrnleysingjaskóli						10			
9. Upptökuheimili ríkisins Kóp.									
10. Bjarkarhlíð						8	36		
11. Blindradeild Laugarnesskóla .							56		
12. Deildir í Hlíðaskóla									
13. Deildir í Breiðagerðisskóla og Laugarnesskóla						10	70		
14. Þingborg Árn. sérdeild		2,6	2		2		130		
15. Óskilgr. hópur í heimahúsum							2 528		
16. Sérdeild Akureyri	0,66		4		1	5	60		
	3,23	2,5	16	40	3	107	4 876 m ²	250 m ²	
Starfsmenn	3,23	2,5	0,23	1,00	0,08	2,68			

Í töflu III er gert ráð fyrir byggingu 4876 m² skólahúsnæðis og 250 m² heimavistar, sem á að fullu að vera komið til framkvæmda á árinu 1983. Kostnaður við þessar byggingar á verðlagi í október 1978 mundi vera um 1116 milljónir kr.

Í áætlun um byggingu athvarfa er gert ráð fyrir a. m. k. 10 athvörfum í fræðsluumdæmum utan Reykjavíkur, en Reykjavík virðist eitt fræðsluumdæma hafa fullnægt þessari þörf.

Af þessum tölum má ljóst vera, hve geysimiklar hækkningar þyrftu að verða á fjárlögum, eða kringum 500—600 milljónir á ári, til að þessar áætlanir stæðust. Útlit er því fyrir, að ef ekkert yrði að gert tæki enn áratugi að koma þessum málum í viðunandi horf. En með tilvist og fjármagni Framkvæmdasjóðs gætu þessar áætlanir staðist að mestu leyti.

Endurhæfing:

Í nóv. 1977 voru samtals 7405 öryrkjar á skrá hjá Tryggingastofnun ríkisins og skiptust þeir þannig:

630	töldust til 50% öryrkja
2604	— — 65% —
4171	— — 75% —

Auk þess voru 625 börn yngri en 16 ára á örorkustyrk í mars 1978. Af þessum tölum má sjá, hve langfjölmennastur hópurinn er, sem heyrir undir 75% örorku.

Ljóst er, að þessi fjölmenni öryrkjahópur þarf meira eða minna á að halda endurhæfingu, vernduðum vinnustöðvum, atvinnuþjálfun til að komast á hinn almenna vinnumarkað og dvalarheimilum.

Til viðbótar þessum hóp er svo mjög fjölmennur hópur ellilífeyrisþega, sem vegna ýmiss konar sjúkdóma heyrir til öryrkjahópsins og þarf því engu síður á þeirri aðstoð að halda, sem um getur í endurhæfingarlögunum.

Erfitt er að gefa nokkra vísbendingu um það fjármagn, sem þyrfti til að koma endurhæfingarmálum í gott horf.

Sú áætlun um þörf endurhæfingar- og vinnustöðva, sem um getur í 3. gr. a endurhæfingarlagi og átti að liggja fyrir 1972 og ná yfir 10 ára tímabil, sbr. 4. gr. þeirra laga, er enn í undirbúningi, og ekki hefur enn tekist að ljúka henni að öðru leyti en því, að takmarkaðar kannanir hafa verið gerðar, og er sá dráttur, sem á þessu hefur orðið, fyrst og fremst um að kenna fjárskorti.

Þessar kannanir gefa þó þá vísbendingu, að ekki er óvarlegt að áætla, að á annað þúsund manns þurfi nauðsynlega á vernduðum vinnustöðvum að halda. Fyrir utan það er svo sá stóri hópur, sem þyrfti á fjölbreyttri verkmenntun og atvinnuþjálfun að halda, til að kanna og undirbúa möguleika þeirra til að fara út á hinn almenna vinnumarkað. Fyrir hendi er einhver slík þjálfun, en nauðsyn er á fullkominni verkmenntun, sem byggir á því að öryrkjar finni það starfssvið, sem þeim hentar best. Enn fremur er ekki óvarlegt að áætla, að kringum 500 manns biði endurhæfingar.

Eitt brýnasta úrlausnarefnið í málefnum öryrkja er bygging hentugra dvalarheimila, þar sem þeir geta dvalist um lengri eða skemmri tíma.

Þær byggingar, sem reistar hafa verið í þessu skyni, hafa ekki getað tekið við fjölmörgum sem þurfa á þessum dvalarheimilum að halda.

Erfðafjárjóstur og að einhverju leyti Atvinnuleysistryggingasjóður hafa nær eingöngu veitt fjárhagsaðstoð til þessara verkefna, en þess má geta, að Atvinnuleysistryggingasjóður hefur ekkert getað sinnt þessu verkefni s. l. 3—4 ár.

Fjármagnssvigrúm Erfðafjárjóstis hefur einnig verið mjög takmarkað með tilliti til þess að rísa undir þessu mikla verkefni. Á tímabilinu 1955—1977 hafa lánveitingar úr honum numið 261 millj. kr. og styrkveitingar 233 millj. kr.

Frumvarpið tekur fyrst og fremst mið af sameiginlegum þörfum og markmiðum þeirra hópa, er nefndir eru öryrkjar, þroskaheftir eða fatlaðir, en því er ekki ætlað að uppfylla einstaklingsþarfir sérstaklega. Markmið frumvarpsins er enn fremur að tryggja fulltrúum þessara hópa hlutdeild í ákvarðanatöku á þessum vettvangi.

Mörgum ákvæðum frumvarpsins er einkum ætlað að tryggja skipulag, aðhald og eftirlit með fjárfestingu á þessum sviðum.

Þótt sjóðnum sé einkum ætlað að fjármagna stofnkostnað byggingarframkvæmda af ýmsu tagi, enda er það fjárfrekasta verkefnið og reyndar forsenda annarra verkefna og starfsemi á þessu sviði, þá er með heimildarákvæðum 11.—13. og 14. gr. veitt heimild til þess að grípa inn í fjármögnun annarra verkefna er úrlausnar þurfa við í sérkennslu- og endurhæfingarmálum.

Enginn grundvöllur er t. d. fyrir að reisa byggingar, sem fjárskortur og vöntun á sérmenntuðu starfsliði hamlar starfsemi í, og því oft þýðingarmeira að treysta rekstrargrundvöll þeirrar starfsemi, sem fyrir hendi er. Benda má á, að nokkrir verndaðir vinnustaðir, sem komið hefur verið á fót, hafa verið lagðir niður, vegna þess að þeir hafa ekki getað staðið undir rekstrarhalla.

Það er enn fremur ljóst, að þjóðfélagið verður með öðrum aðgerðum að laða ungt fólk til menntunar og starfa á þessum vettvangi.

Af framansögðu má sjá, að stóráttak verður að gera til að tryggja þessum hópum jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna og til þess að hægt sé að telja, að málefni þeirra séu komin í sæmilega viðunandi horf.

Enn er mikið ógert til að því markmiði verði náð, og er tilgangur með þessu frv. að færast nær því marki.

Í eftirfarandi skýringum við frumvarpsgreinarnar kemur enn frekar í ljós það markmið, sem leitast er við að ná með þessu frv., og nánari tilhögun á tekjustofni, framkvæmd og skipulagi sjóðsins.

Um 1. gr.

Nafn sjóðsins skýrist af hlutverki hans, sbr. 2. gr. Enn fremur er hugtakið öryrki viðtækasta samheitið yfir þá hópa, sem þessum sjóð er ætlað að ná til, sbr. 51. gr. grunnskólalaga, nr. 63/1974, og 12. gr. laga um endurhæfingu nr. 27/1970.

Um 2. gr.

Þessum sjóð er ætlað að aðstoða ríki og sveitarfélög eða aðra löglega aðila við byggingarframkvæmdir í þágu þeirra, sem lög um sérkennslu og endurhæfingu kveða á um, að svo miklu leyti sem þeir þurfa á sérbyggingum eða séraðstöðu að halda.

Það er alveg ljóst, að hinn stóri hópur, sem lög um sérkennslu og endurhæfingu er ætlað að ná til, þarf á margvíslegri sameiginlegri þjónustu að halda. Auk bygginga af ýmsu tagi, sem útbúa þarf með margs konar búnaði, vantar enn tilfínanlega sérfræðilega aðstoð á mörgum sviðum.

Enn fremur þarf stór hluti þeirra ýmsa einkaaðstoð og þjónustu umfram það. Það er því alveg ljóst, að verkefni á þessum vettvangi eru og verða ótæmandi.

Af þessum ástæðum og með tilliti til tekjumöguleika sjóðsins þykir rétt að ein-skorða fyrst um sinn hlutverk sjóðsins við byggingarframkvæmdir og annan stofn-kostnað til þess að þær komist sem fyrst í notkun, sbr. þó heimildarákvæði 11.—13. og 14. gr.

Um 3. gr.

Ef miðað er við sama magn selds áfengis og tóbaks og á árinu 1977, gefa tekjustofnar undir lið a og b eftirfarandi:

a) af sterku víni	kr. 353 572 800
af léttu víni	— 117 194 700
b) af vindlingum	— 333 051 000
af vindlum	— 35 402 000
af reyktóbaki	— 20 214 800

Erfiðara er að meta hvað tekjustofn undir lið c gefur, þó er ekki óvarlegt að áætla, að hann gefi a. m. k. 100—150 millj. kr.

Ekki er því fjarri lagi að áætla, að þessir tekjustofnar gæfu samtals um 900—1000 miljónir kr. á ári.

d) Hingað til hefur fé verið veitt á fjárlögum til einstakra sérkennsluframkvæmda.

Með þessu ákvæði er ekki verið að koma í veg fyrir, að ríkissjóður veiti fé á fjárlögum beint til einstakra framkvæmda, heldur að opna þann möguleika fyrir ríkissjóð að láta það fjármagn, sem veitt er á fjárlögum í þessu skyni, renna beint í sjóðinn.

e) Með ákvæði þessu er verið að vekja athygli á þeim möguleika, að einstaklingar eða samtök geti styrkt sjóðinn.

f) Þar sem hér er ekki um lánasjóð að ræða, er ekki gert ráð fyrir miklum vaxtatekjum, en gætu þó orðið einhverjar, ef fjármagn rennur ekki viðstöðulaust til framkvæmda.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 5. gr. a-lið.

Í 3. gr. a í lögum um endurhæfingu, nr. 27/1970, segir m. a.:

„Hlutverk endurhæfingarráðs skal vera:

að semja áætlun um þörf endurhæfingarstöðva og vinnustöðva fyrir fólk með varanlega skerta starfshæfni. Skal í áætlun þessari gerð grein fyrir stærð stofnananna, staðsetningu þeirra, verksviði og búnaði. Við samningu áætlunarinnar skal taka tillit til nýjunga í endurhæfingarmálum og stefna að því, að ráðstafanir til endurhæfingar svari jafnan sem best kröfum tímans.“

Enn fremur segir í 1. mgr. 4. gr. sömu laga:

„Áætlun sú, sem um ræðir í 3. gr. a, skal gerð fyrir árin 1972—1982. Skal með áætlun þessari stefnt að sem bestri starfrækslu endurhæfingarstöðva og vinnustöðva í landinu.“

Eins og segir í þeirri grein átti sú áætlun að vera gerð fyrir tímabilið 1972-1982. Þrátt fyrir þetta skýra ákvæði laganna um, að áætlunin hefði átt að liggja fyrir árið 1972, er hún enn í undirbúningi.

Það er því ekki óeðlilegt að ætla stjórn Framkvæmdasjóðs það verkefni að hlutast til um, að slíkar áætlanir séu ávallt fyrir hendi, þar sem það er algjör forsenda fyrir, að skipulag geti verið á úthlutun styrkja úr sjóðnum.

Hins vegar hefur menntamálaráðuneytið gert áætlanir í samræmi við 52. gr. laga um grunnskóla nr. 63/1974 og ná þær fram til ársins 1983.

Sú áætlun þyrfti að vera öllu nákvæmari hvað varðar tímasetningu og forgangsröð verkefna. Einnig þyrfti að gera nákvæmari áætlun byggða á þörfinni fyrir þjálfun og undirbúning fyrir grunnskóla, nám í forskóladeildum og á dagvistunarföngunum, sbr. 16. gr. A reglugerðar um sérkennslu, nr. 270/1977, og á sama hátt um starfsþjálfun og verkmenntun að grunnskólanámi loknu.

Um 5. gr. b-lið.

Ef fyrrgreindar áætlanir eru ekki fyrir hendi eða ónákvæmar um stærð, forgangsröð, fjármagnspörf og tímasetningu verkefna, verður að ætla sjóðsstjórn frumkvæði um ákvörðun verkefna.

Um 5. gr. c-lið.

Með þessu ákvæði er fyrst og fremst verið að tryggja bestu fjármagnsnýtingu á ráðstöfunarfé sjóðsins, þ. e. a. s. verðtryggingu strax í þeim verkefnum, sem það er ætlað til.

Sjóðsstjórn er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmdahraða byggingaráfanga með tilliti til þess að mæta fjármagnspörf hverju sinni.

Um 6. gr.

Ákvæði þetta er eingöngu ábending til félagsmálaráðuneytisins um hagkvæmt rekstrarform.

Ef það er hins vegar talið hagkvæmara, að rekstur sjóðsins sé annars staðar, en engu að síður undir umsjón félagsmálaráðuneytisins, er það heimilt samkvæmt ákvæði greinarinnar.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt þykir að skipta sjóðnum í tvo sjóðshluta, þar sem um er að ræða tvær áætlanagerðir undir umsjón tveggja ráðuneyta.

Áætlanagerðir þessar þurfa að geta tekið tillit til þess fjármagns, sem fyrir hendi er hverju sinni, og því er nauðsynlegt, að þær geti byggt á öruggum fjármagnshluta af tekjum sjóðsins. Þar sem á þessu stigi er ekki vitað um, hvernig

fjármagnsþarfir sérkennslu- og endurhæfingaverkefna skiptast, er sjóðsstjórn tryggt svigrúm til að breyta út af ákvæðinu um helmingaskiptingu sjóðshlutanna.

Tengsl sérkennslu- og endurhæfingarverkefna eru margvísleg og réttlæta því hvort tveggja í senn samhliða uppbyggingu og svigrúm til sameiginlegra átaka, eins og t. d. uppbyggingu verndaðra vinnustaða.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 9. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er verið að tryggja fastar viðmiðunarreglur við fjármagnsúthlutun, þegar margir aðilar áforma framkvæmdir samtímis, eins og lög um endurhæfingu nr. 27/1970 veita svigrúm til.

Síðasta málsgrein þessarar greinar kveður á um takmörkun á mikilli dreifingu fjármagns á hverjum tíma, til þess að þær framkvæmdir, sem ráðist er í, komist sem fyrst í notkun.

Um 10. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Grunnskólalögin gera ráð fyrir, að auk þess sem sérkennsla fer fram í sérskólum, þá fari hún fram í almenna skólanum, ýmist í almennum bekkjum eða í sérdeildum.

Sérkennslusjóðnum er þó einungis ætlað að fjármagna þann stofnkostnað, er leiðir af sérdeildauppbyggingu, sbr. 19. gr. reglugerðar um sérkennslu, en ekki annan stofnkostnað almenna grunnskólans, sem sveitarfélög bera samkvæmt 24. gr. grunnskólalaga.

Að öðru leyti er sérkennslusjóði ætlað að fjármagna stofnkostnað byggingarframkvæmda, er leiðir af reglugerð nr. 270/1977, um sérkennslu, enda er upptalning 11. gr. frv. samheiti þeirra verkefna, er þar eru tilgreind.

Ekki ber að skoða þessa upptalningu sem tæmandi verkefnaskrá, þó ekkert teljist hér undanskilið af því, sem lög, reglugerð og áætlun gera ráð fyrir.

Hins vegar þykir nauðsynlegt að tryggja sum þessara verkefna með lagaákvæði, þar sem þeirra er ekki beinlínis getið í öðrum lögum.

Ef frá eru skilin ákvæði lokamálsgreinar 52. gr. laga nr. 63/1974 um lengingu námstíma, almenn ákvæði 74. gr. sömu laga um forskóla við grunnskóla, 3. gr. laga um heyrnleysingjaskóla, þar sem kveðið er á um skólaskyldu frá 4—16 ára aldurs, og nýsamþykkt 5. gr. sömu laga um framhaldsdeild, þá er þroskaheftum nemendum ekki tryggt með lögum nein fræðsla eða þjálfun utan skólaskyldualdurs.

Brýn nauðsyn er á þjálfun og kennslu þroskaheftra barna yngri en 7 ára í forskóladeildum og á dagvistunarstofnunum, samfara ítarlegum rannsóknum á möguleikum þessara barna í almennum grunnskóla, en aðeins einum hópi þessara barna er tryggt skólaskylda frá 4 ára aldri.

Reglugerð um sérkennslu nr. 270/1977 gerir hins vegar ráð fyrir ráðgjöf, kennslu og þjálfun fyrir þroskaheft börn yngri en 7 ára.

Sérstök greiningarstöð fyrir þroskahefta er ekki heldur sérstaklega tryggð með grunnskólalögum, heldur aðeins almenn sálfræðiþjónusta, en brýn nauðsyn er á greiningarstöð, sem getur séð um uppeldis- og kennslufræðilega meðferð þroskaheftra strax frá fæðingu.

Enn fremur er í reglugerð gert ráð fyrir fræðslu og verklegri þjálfun ungmenna á 10. og 11. skólaári, væntanlega með stoð í áður nefndum lagaákvæðum, en í skýrslu ráðherra kemur fram, að framhaldsnám (verknám) er aðeins að litlu leyti leyst enn sem komið er.

Ákvæði greinarinnar á að tryggja að fjármagn dreifist jöfnum höndum milli hinna ýmsu sérkennsluverkefna, en beinist ekki aðeins til ákveðins hluta sérkennslunnar. Tryggt ætti því að vera, að það renni ekki síður til þarfa þroskaheftra fyrir og eftir grunnskólaaldur.

Í síðustu málsgrein er heimildarákvæði, sem gefur svigrúm til að fjármagn beinist ekki eingöngu til byggingarframkvæmda, og hafa nokkur rök verið færð fyrir því áður í inngangi greinargerðarinnar. Hér má þó bæta við, að í skýrslu ráðherra kemur fram að eitt brýnasta verkefnið fram undan sé gerð námsskrár fyrir sérkennslu og kennslutæki í samræmi við hana, en ekkert fé hefur verið veitt til þess á fjárlögum.

Um 12. gr.

Nauðsynlegt þykir, að áætlun um endurhæfingar- og vinnustöðvar nái einnig til dvalarheimila, en ekki er gert sérstaklega ráð fyrir því í endurhæfingarlögum.

Um 13. gr.

Samkvæmt 7. gr. endurhæfingarlaganna skal veittur styrkur, sem nemur allt að þriðjungum stofnkostnaðar við endurhæfingarstöðvar, og lán, sem nemur allt að þriðjungum stofnkostnaðar.

Heimildarákvæði er í 9. gr. sömu laga um styrk úr Erfðafjár sjóði til vinnustöðva, er nemur allt að 40% af stofnkostnaði, og lán úr Atvinnuleysistrygginga sjóði, er nemur allt að 40% af stofnkostnaði.

Heimildarákvæði er einnig í 11. gr. sömu laga um styrk úr Erfðafjár sjóði til að koma á fót dvalarheimilum öryrkja, er nemi allt að fjórðungi byggingarkostnaðar, og lán, er nemi allt að fjórðungi.

Með 13. gr. er leitast við að tryggja, að ákvæði þau, sem um getur í endurhæfingarlögum um fjármagn til þessara framkvæmda, verði nýtt eins og frekast er kostur, áður en fjármagn er veitt úr Framkvæmdasjóði.

Um 14. gr.

Ákvæði þessu er hvort tveggja í senn ætlað að tryggja sjóðnum aðlögunarmöguleika að framtíðarverkefnum og svigrúm til að takast á við önnur sameiginleg vandamál öryrkja.

Ekki þykir rétt að ein skorða sjóðinn alfarið við byggingarframkvæmdir, þar sem samhliða getur þurft að leysa önnur brýn vandamál öryrkja, til þess að byggingarframkvæmdirnar komi að fullum notum, eins og áður hefur verið getið í greinargerðinni.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.